

# RICHARD WAGNER FÉLAGIÐ Á ÍSLANDI

- RICHARD WAGNER VERBAND ISLAND -

VESTURGATA 36B - 101 REYKJAVÍK - SÍMI/FAX: 5517292

27. janúar 1998

Kæru félagar.

Við sendum ykkur öllum bestu óskir um gleðilegt og viðburðarríkt ár. 20 félagsmenn geta nú hlakkað til Bayreuthferðar á komandi sumri. 10 þeirra munu sjá Hollendinginn og Meistarasöngvarana, en hinir 10 Niflungahringinn, en Levine/Kirchner/Rosalie - Hringurinn er nú á sínu síðasta ári. Næsta Hringfrumsýning í Bayreuth verður svo árið 2000. Stjórn félagsins hefur ákveðið og komið því um kring að í sumar verður í fyrsta sinn sendur styrkþegi á vegum félagsins til Bayreuth og verður hann í hópi 250 annarra styrkþega víðs vegar að, sem árlega fá boðsmíða á 3 - 4 sýningar.

Þau ánægjulegu tíðindi hafa einnig gerst, að menntamálaráðherra hefur nú stuðlað að því að Árni Björnsson, þjóðháttufræðingur með meiru, mun í nokkra mánuði á árinu geta helgað sig rannsóknar- og ritstörfum á því sviði, sem okkur íslenskum Wagneraðdáendum er svo hugleikið: "Hvaða áhrif höfðu íslenskar fornbókmenntir á Richard Wagner og verk hans?" Hefur Wagner safnið í Bayreuth m.a. boðið Árna starfsaðstöðu þar eftir þörfum í þessu markmiði.

Í nýjasta hefti *Wagner - Weltweit*, sem er tímarit Alþjóðasamtaka Wagnerfélaga, greinir Josef Lienhart frá Íslandsheimsókn sinni í september sl. Í tímariti þessu, sem kemur út þrisvar á ári, er alltaf töluvert af fréttum um hvað er að gerast í kringum Wagner, einkum í Þýskalandi, auk ýmissa athyglisverðra greina. Í þessu síðasta hefti var m.a. prentaður ágætur fyrirlestur Prof. Joachim Kaiser: "*Richard Wagner und die Juden*". Auk þess frásögn Dr. Gabriele Busch-Salmen frá alþjóðlegu málþingi í Bayreuth undir heitinu: "*Das Web der Zukunft - Frauengestalten und Frauenstimmen bei Richard Wagner*". Stjórnin kannar nú möguleika á því að geta látið tímaritið liggja einhvers staðar frammi fyrir félagsmenn.

## **7. febrúar. Aðalfundur félagsins. Kynning Halldórs Hansen og Gretars Ívarssonar á Wagnersöngvurum.**

Stjórnin boðar nú til aðalfundar félagsins í Norræna húsinu laugardaginn 7. febrúar kl. 14. Hefðbundin aðalfundarstörf, m.a. kosning stjórnar, sem lögum samkvæmt fer fram annaðhvert ár. Að fundinum loknum (ca. 15.00) fá þeir Halldór Hansen læknir og Gretar Ívarsson jarðfræðingur orðið til að segja okkur frá og leyfa okkur að heyra í þekktum Wagnersöngvurum fyrr og nú.

Að lokum minnum við á myndbandssýningu af Lohengrin ásamt kynningu Reynis Axelssonar og Önnu M. Magnúsdóttur 14. mars kl. 14 í Norræna húsinu. Parsifal verður síðan sýndur föstudaginn langa kl. 13 í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar. Aðfaraorð: Atli Heimir Sveinsson.

Með bestu kveðjum og óskum um að sjá sem flesta 7. febrúar,

1. h. stjórnar

Selma Guðmundsdóttir, formaður

- AMSTERDAM: DIE WALKÜRE, 31.jan. 4, 7, 11, 15, 18, 21. og 25. feb. S. Hartmut Haenchen, L. Pierre Audi.  
PARSIFAL, 27. mars. S. Lawrence Renes. L: Henning Brockhaus.
- BARCELONA: DIE WALKÜRE. 5, 8, 11. feb. S. Pinchas Steinberg. Konsertuppfærsla.
- BAYREUTH: MEISTERSINGER, 26, júlí. 4, 12, 16, 19. og 28. ágúst. S: Daniel Barenboim, L: Wolfgang Wagner.  
FLIEGENDE HOLLÄNDER, 25. júlí. 3, 13, 18. og 21. ágúst. S. Peter Schneider. L. Dieter Dorn.  
NIFLUNGAHRINGURINN, I: 27, 28, 30. júlí og 1. ágúst. II: 6, 7, 9. og 11. ágúst. III: 22, 23, 25. og 27.ágúst. S: James Levine, L: Alfred Kirchner.  
PARSIFAL, 2, 5, 14, 17, 20. ágúst. S: G. Sinopoli, L: Wolfgang Wagner.
- BERLIN: RHEINGOLD, 25. feb. Die WALKÜRE, 28. feb. SIEGFRIED 4. mars. GÖTTERDÄMMERUNG 8. mars. S. Jiri Kout. L: Götz Friedrich.  
Wagner/Loriot: Ring in one evening. 6. og 15. mars. S. Jiri Kout.
- BONN: RHEINGOLD, 31.jan. S. Marc Soustrot. L. Siegfried Schoenbohm.
- DRESDEN: TANNHÄUSER, 22, 28, 31. mars. S: Christof Prick. L: Peter Konwitschny.
- EINDHOVEN: PARSIFAL, 17. feb. S: Lawrence Renes. L: Henning Brockhaus.
- GHENT: TRISTAN og ISOLDE, 18, 21, 24. mars. S: Silvio Varviso. L: Willy Decker.
- HAAG: PARSIFAL, 25. feb. S: Lawrence Renes. L: Henning Brockhaus.
- HAMBORG: LOHENGRIN, 1, 4, 8, 12. feb. S: Ingo Metzmacher. L: Peter Konwitschny.  
RHEINGOLD, 2, 6. mars. WALKÜRE, 15, 19. mars. S: Gerd Albrecht. L: Günter Krämer.
- KAUPMANNAHÖFN: LOHENGRIN, 17, 26, 31. jan. 2, 9. feb. S: Heinz Fricke. L. Nicolas Joël. TRISTAN OG ISOLDE, 15, 19, 23, 26, 29. mars. S: Dietfried Bernet. L: David Poutney.
- KIEL: DIE WALKÜRE 1, 4, 22. feb. 22. mars. S: W. Gugerbauer. L: Kirsten Harms
- Köln: TRISTAN OG ISOLDE, 8, 11, 14. feb. 1, 4, 7. mars. S: Donald Runnicles. L: Günter Krämer.
- LEIPZIG: HOLLÄNDER 30. jan. 8. feb. S: Niksa Bareza. L: Günter Lohse.  
TANNHÄUSER, 1, 21. mars. S: Jiri Kout. L: Eike Gramss.
- MONTE CARLO: TRISTAN og ISOLDE, 9, 12. feb. S:Günter Neuhold. L: Dieter Kaegi.
- PARÍS: GÖTTERDÄMMERUNG, 26. mars. Konsertuppfærsla. S: Jeffrey Tate.  
TRISTAN og ISOLDE, 4, 8, 18, 21, 27. feb. 3, 7. mars. S: J. Conlon. L: S. Winge.
- PRAG: LOHENGRIN, 21, 27, 29. mars.
- ROTTERDAM: PARSIFAL, 3. mars. S: Lawrence Renes. L: Henning Brockhaus.
- SACRAMENTO: HOLLÄNDER. 27. feb. 1, 3. mars.
- STOKKHÖLMUR: HOLLÄNDER, 3, 6, 10, 13, 16, 20. feb. S: Sixten Ehrling. L: F. Abenius.
- STRASSBURG: HOLLÄNDER, 6. feb. S: Rüdiger Bloch. L: Arnold Schremm.
- SYDNEY: TANNHÄUSER, 2, 6, 12, 15, 18, 21, 24, 27. feb. 2. mars. S: Philippe Auguin. L:Elke Neidhardt.
- TOKYO: TANNHÄUSER (Deutsche Oper, Berlín), 5, 8, 11, 14. feb.  
HOLLÄNDER (Deutsche Oper, Berlín), 2. feb.
- UTRECHT: PARSIFAL, 6, 8, 10. feb. S: Lawrence Renes. L: Henning Brockhaus.
- WIEN: HOLLÄNDER, 3. feb. . S: Leopold Hager.

*Upplýsingar þessar eru tíndar saman úr óperutímaritinu OPERA NOW, sem hefur oft verið fáanlegt hér í bókabúðum. Símanúmer viðkomandi óperuhúsa er að finna í þessu tímariti, einnig í OPERA og fleiri tímaritum. Ef þið eruð í vandræðum er ykkur velkomið að spyrja okkur Árna Tómas. GÓÐA FERÐ.*

SG.